

Sp.

556. Fyrirspurnir.

[270. mál]

I. Til menntamálaráðherra um viðbótarritlaun.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hver hafa orðið viðbrögð menntamálaráðherra við áskorun sextán rithöfunda til Alþingis og ráðherrans 10. mars s. l. um endurskoðun á störfum úthlutunarnefndar viðbótarritlauna 1973 og 1974, og hvers má vænta af hálfu ráðherra sem andsvars við beiðni sextánmenninganna um leiðréttingu mála sinna?
2. Hvaða leið er fær til leiðréttingar?
3. Dugir ákvæði í væntanlegri reglugerð um úthlutun fjárins, t. d. að úthlutunin í ár megi ná til verka útgefna 1970—1974, eða þarf til að koma breyting á fjárlögum?

II. Til menntamálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaga.

Frá Sverri Bergmann.

Hvenær má vænta reglugerðar um kennslufyrirkomulag og sérstofnanir skv. 52. gr. laga um grunnskóla, nr. 63 frá 21. maí 1974, til kennslu barna á skyldunámsstigi, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum skv. skilgreiningu í 50. og 51. gr. sömu laga?